

## Athugasemd við Landsskipulagsstefnu

### Skipulagsstofnun ríkisins

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri.

**Í fyrirleggjandi landsskipulagstillögu vantar tengsl við “Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands” sem Umhverfisstofnun gaf út í nóv. 2014, afrakstur 3 ára vinnu margra aðila.**

“Í þessari skýrslu eru tilgreindir þeir þættir sem leggja þarf áherslu á í vatnaáætlun fyrir landið sem á að vera tilbúin til kynningar eigi síðar en 1. janúar 2017. Hér á landi er ýmis starfsemi sem getur valdið álagi á vatn og því er fjallað um álags þætti í stöðuskýrslunni í þeim tilgangi að tryggja að kröftum verði beint í framtíðinni að atriðum sem úr þarf að bæta.”

Ég tel augljóst að þarna eiga að vera tensl á milli og að þessi skýrsla eigi að vera eitt af bakgrunnsgögnum Landsskipulagsstefnunnar. hana er að finna hér:

<http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Vatnatilskipun/St%C3%B6%C3%B0usk%C3%BDrsla%20fyrir%20vatnasv%C3%A6%C3%B0i%20%C3%8Dslands%202013.pdf>

Rök undirritaðs fyrir að vatn og vatnsauðlindir fái ákveðnari stöðu í Landskipulagi:

Gera má ráð fyrir að ferskvatnsauðlindir okkar skipti æ meira máli er fram líða stundir, bæði til innanlandsnota og útflutnings. Mikilvægt er að vernda bæði nær og fjærsvæði vatnstöku fyrir hvers kyns mengun alveg frá upphafi og þá með skipulagi, því í erfit er að snúa til baka ef skaðinn er skeður. Einnig skiptir máli að fráveitur geta haft mikil áhrif á strandsvæði, ár og stöðuvötn.

Vissulega er vikið að hreinu vatni í landsskipulagstillögunni. Dæmi:

Umhverfisviðmið: “Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsusamlegu umhverfi, svo sem heilnæmu andrúmslofti og ferskvatni, hreinu hafi, minni úrgangi og umhverfi án hættulegra efna.”

Um markmið 3.3. segir m.a.: “Í skipulagsáætlunum þarf að gera ráð fyrir landrými, aðstöðu og aðgerðum til að tryggja vatnsból, fráveitu og aðra þætti sem varða heilnæmt umhverfi.”

Vel mætti víkja að ferskvatni í 1.1.3 Hverfisverndun víðerna og viðkvæmra svæða.

Í 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi er vikið að varnsvernd:

“...Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd.”

Hefði gjarna mátt víkja að vatnsvernd í 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands, en vatnsauðlindinni stafar víða hættu af mengun frá landbúnaði.

Í skipulagi vega og vegslóða (sjá 2.6) er þörf á að minnast á vatnstökusvæði.

Svo tel ég að í 3 kafla um búsetumynstur og dreifingu byggða væri þörf á sér kafla um vatnsvernd.

Um markmið 4.1 segir m.a. í greinargerð: “Krafa um mat á burðarþoli fjarða eða afmarkaðra strandsvæða til að taka við lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið er dæmi um stjórnun nýtingar á hafog strandsvæðum sem byggir á vistkerfisnálgun.” Hér mætti víkja sérstaklega að fráveitum sem valda víða álagi á vistfræði strandsvæða.

Virðingarfyllst, 9. nóv. 2015

Þorvaldur Örn Árnason

fulltrúi Sveitarfélagsins Voga í Vatnasvæðanefnd fyrir SV-land.

[valduorn@simnet.is](mailto:valduorn@simnet.is)